



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 7 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Reglugerð um körfuknattleiksmót

15. grein

Núverandi grein falli á brott. Í staðinn komi eftirfarandi texti.

Í öllum deildum meistaraflokka karla og kvenna gildir að á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis. Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og í öllum deildum.

Erlendur ríkisborgari utan EES ríkis sem hefur búið á Íslandi samfellt í þrjú ár eða meira telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ þarf um. Staðfestingu KKÍ þarf til þess að leikmaður teljist með íslenskum/EES ríkisborgurum. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður utan EES ríkis telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í móti á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mótsleikir á vegum KKÍ), nema að fenginni undanþágu stjórnar KKÍ.

Brjóti félag gegn grein þessari telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinargerð:

Í því fjölmenningsarsamfélagi sem við búum í er opnun á bosman A ákveðin einföldun. 3ja ára reglan væri þá fyrst og síðast fyrir erlenda ríkisborgara utan EES ríkis, og dæmi þess efnis eru leikmenn eins og Everage Richardson, Cedric Bowen, Shanna Dacanay, Isiaiah Cotton og Nemanja Knezevic sem hafa búið hér á landi í lengri tíma, og eiga jafnvel íslenskan maka (og börn). Mörg félög á landsbyggðinni hafa mikla þörf fyrir bosman A leikmenn og ættu hreinlega erfitt uppdráttar með að manna lið án þeirra. Sindri á Höfn hefur verið með topplið í 1.deild undanfarin ár, sem hefur skilað þeim sífellt öflugra barna- og ungingastarfi. Höttur hefur sem dæmi fjölgað iðkendum yngri flokka um rúm 40% á síðustu tveimur árum (úr 100 í 170) og árangur meistaraflokks hefur haft sitt að segja í þeirri vegferð. Snæfell kvennaliðið er með fjóra erlenda leikmenn. Sumhver félög á landsbyggðinni sem hafa verið að vinna að því að halda úti liði í mfl kvenna myndu eiga erfitt uppdráttar án þess að geta unnið með bosman leikmenn, sem margir hverjir hafa komið hingað til að vinna dagvinnu og fá jafnvel stóran hluta sinna tekna þarf. Í stað boða og banna þurfa félög einfaldlega að sníða stakk eftir vexti og sýna ábyrgð í rekstri.

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt

Fjárhagsnefndar
 Samþykkt með breytingum

Laga- og leikreglnanefndar
 Felld



55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 7 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Umsögn stjórnar KKI

Vinnunefnd stjórnar hefur unnið að breytingum á þessari grein reglugerðar um körfuknattleiksmót frá hausti 2021. Nefndin hefur rætt við forsvarsmenn allra félaga í úrvals- og 1. deildum karla og kvenna og fengið þeirra afstöðu til þess sem greinin tiltekur. Fyrir þinginu liggur tillaga frá vinnunefnd stjórnar um þetta málefni, en hún tekur til meirihlutavilja aðildarfélaganna í þessu máli eftir ítarlega vinnu málssins.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld